

Formannafundur UDN

Haldinn í Rauðakrosshúsinu í Búðardal miðvikudaginn 8. nóvember 2017 kl. 18.

Mætt voru: Heiðrún Sandra formaður UDN, Jóhanna Sigrún varaformaður UDN, Herdís meðstjórnandi UDN, Ingveldur gjaldkeri UDN, Arnar Eysteinnsson formaður umf. Stjórnunnar, Þórður Ingólfsson formaður Hestamannaf. Glaðs, Jóhann Pálmason formaður Glímuf.

Dalamanna, Finnbogi Harðarson formaður umf. Æskunnar, Björn Samúelsson formaður umf. Aftureldingar, Jón Egill frá umf. Ólafi Páa, Ingibjörg Jóhannsdóttir gjaldkeri Ólafs Páa og Svana Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri UDN. Enginn fulltrúi var mættur frá umf. Dögun.

- **Tilkynning varðandi styrk frá Samkaupum árið 2015.**
 - Heiðrún fór yfir stöðu á Samkaupsstyrk sem var veittur árið 2015.
- **Starfsemi UDN**
 - Brekkan í Dalnum í Búðardal var rædd. Það vantar upp á að hún verði tilbúin, þarf að sá í meira og fleira.
 - Mót voru með hefðbundnu sniði í ár.
 - Svana sótti um styrk í Æskulýðssjóð til að halda Laugafjör fyrir ungmenni í Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð.
- **Lög UDN**
 - Svana fór yfir tillögu að lögum UDN. Tillagan verður tekin fyrir á næsta ársþingi UDN. Formenn félaganna fá tillöguna senda í tölvupósti og óskað er eftir að þeir komi með ábendingar ef þær eru einhverjar.
- **Afmæli UDN**
 - Heiðrún formaður UDN fór yfir þær hugmyndir sem hafa verið ræddar. Kaffiboð, mót, samvinnu með Byggðasafni Dalanna (héraðsskjalaverða), dagatal, UDN blað og fleira.
 - Finnbogi nefndi að á síðustu tveimur stórafmælum UDN var haldin Æskulýðsráðstefna (fyrir ungmenni og foreldra).
- **Starfsmerki UMFÍ / Heiðursviðurkenningu ÍSÍ**

- Heiðrún formaður benti á að félög UDN gætu tilnefnt einhvern til viðurkenninga ÍSÍ eða UMFÍ. Tilnefningin þarf berast stjórn UDN svo þarf ÍSÍ eða UMFÍ að samþykkja.
- **Heimsókn ÍSÍ**
 - Stjórn ÍSÍ og framkvæmdastjóri komu í heimsókn og hittu hluta af stjórn og framkvæmdastjóra. Þau skoðuðu aðstöðu til íþróttaiðkunar í Dalabyggð og funduðu stjórn UDN. Því miður náðist ekki að fara á Reykhóla.
- **Önnur mál**
 - Hástökkdýna Æskunnar er við áhaldahús Dalabyggðar.
 - Völlurinn var ræddur. Hugmynd um að gróðursetja aspir fyrir ofan völlinn til að mynda skjól.
 - Ungmennafélagið Stjarna stefnir á að halda upp á 100 ára afmæli í byrjun desember.

Fundi slitið 19:15

Fundargerðina ritaði Svana Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri UDN